

**Nd.**

**95. Frumvarp til laga**

[15. mál]

um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd., 10. nív.)

Samhljóða þskj. 15 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Menntaskólar skulu svo vel búnir starfsliði, að þeir geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um. Því skal við hvern menntaskóla auk skólastjóra og kennara skipað í eftirtalin störf m. a.:

*A. Umsjónar- og ráðgjafastörf.*

1. **Aðstoðarskólastjóri** (konrektor), er skal vera skólastjóra til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans.
2. **Bókavörður**, er hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsólum hans.
3. **Deildarstjórar**, er hafa umsjón með kennslu, námsefni og tækjum í einstökum námsgreinum eða greinaflokkum.
4. **Yfirkennarar**, enda hafi þeir gegnt fullri kennslu við menntaskóla í 16 ár, en eru þó eigi deildarstjórar.
5. **Námsráðunautar**, er liðsinni nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi.
6. **Félagsráðunautar**, er skulu vera nemendum til ráðuneytis um félagsstörf og hafa með höndum umsjón með framkvæmd þeirra.

Peir starfsmenn, er taldir eru í þessum lið, mega allir vera úr hópi kennara, og má fela sama starfsmanni fleiri en eitt þessara starfa, ef henta þykir.

#### *B. Störf á skrifstofu.*

1. Fulltrúi, er sé skólastjóra og yfirkennara til aðstoðar við dagleg störf. Hann stjórnar þeim störfum, sem unnin eru á skrifstofu skólans, og annast þau eftir því, sem við verður komið. Honum skal fengin aðstoð eftir þörfum.

2. Gjaldkeri, er annast reikningshald skólans og bókhald.

#### *C. Önnur störf.*

1. Húsvörður, er hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörzlu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.

2. Tækjavörður, er aðstoðar við verklega kennslu og hefur umsjón með kennslutækjum, nýtingu þeirra og vörzlu. Hann annast viðhald og viðgerðir á tækjakosti skólans.

Í heimavistarskólum skulu auk þess vera:

3. Húsbóndi og húsfreyja, er hafa með höndum umsjón og stjórn í heimavistum pilta og stúlkna.

Fela má sama starfsmanni fleiri en eitt þeirra starfa, er talin eru í lið B og lið C. Nánari ákvæði um starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna skólanna skal setja í reglugerð.

26. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið setur skólunum, að höfðu samráði við skólastjórnir, reglugerð um framkvæmd þessara laga strax eftir gildistöku þeirra, og skal þar meðal annars kveðið nánar á um þessi atriði:

1. Inntöku nemenda (sbr. 7. gr.).
2. Efnisinnihald kjarna, kjörsviða og valgreina (sbr. 9. gr.).
3. Val námsgreina (sbr. 9. gr.).
4. Lokapróf og mat á námsárangri og hæfni til að flytjast milli námsáfanga (sbr. 10. gr.).
5. Stúdentspróf og annað fullnaðarpróf frá menntaskóla (sbr. 11. gr.).
6. Prófdómendur og verksvið þeirra (sbr. 12. gr.).
7. Starfssvið, ráðningartíma, réttindi og skyldur starfsmanna (sbr. 13. gr.).
8. Störf kennara utan kennslustunda (sbr. 16. gr.).
9. Orlof (sbr. 17. gr.).
10. Skipan skólaráðs, starfshætti þess og starfstíma, og almennan kennarafund (sbr. 22. gr.).
11. Nemendaráð (sbr. 23. gr.).
12. Heilsuvernd í heimavistarskólum (sbr. 25. gr.).
13. Skólatíma og leyfi.
14. Reglu og aga.
15. Vinnudag nemenda og kennara í skólanum.